

Ár 2013, föstudaginn 20. september, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánsyni.

Fyrir var tekið:

### **Að ákveða laun og starfskjör forstöðumanns Fjölmeningarseturs**

#### **I.**

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Forstöðumaður Fjölmeningarseturs er forstöðumaður samkvæmt 13. tölulið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996 og er á lista fjármálaráðherra yfir forstöðumenn samkvæmt 2. mgr. 22. gr. sömu laga. Heyrir því undir kjararáð að ákveða honum laun.

#### **II.**

Kjararáði barst hinn 25. febrúar 2013 afrit af skipunarbréfi forstöðumanns Fjölmeningarseturs sem skipaður var í embætti frá og með 27. nóvember 2012. Með bréfinu fylgdi afrit af erindisbréfi forstöðumannsins dagsett 20. febrúar 2013.

Með bréfi dagsettu 5. mars 2013 gaf kjararáð fjármála- og efnahagsráðuneyti og velferðarráðuneyti kost á að leggja fram greinargerðir vegna fyrirhugaðrar ákvörðunar kjararáðs um launakjör forstöðumanns Fjölmeningarseturs, sbr. 6. gr. laga um kjararáð. Jafnframt var nýskipuðum forstöðumanni gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum, sbr. 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 21. mars 2013. Í bréfinu segir að samkvæmt lögum um málefni innflytjenda nr. 116/2012 sé Fjölmeningarsetur ný stofnun undir yfirstjórn velferðarráðherra sem skipi forstöðumann Fjölmeningarseturs til fimm ára í senn.

Velferðarráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 20. mars 2013. Í bréfinu kemur fram að ráðuneytið telur mikilvægt að forstöðumaður Fjölmeningarseturs njóti sambærilegra launa og aðrir forstöðumenn sem undir kjararáð heyra að teknu tilliti til umfangs og ábyrgðar sem starfinu fylgi. Embættið hafi formlega verið stofnað með lögum um málefni innflytjenda nr. 116/2012 þann 28. nóvember 2012, en Fjölmeningarsetrið hafi verið starfrækt frá árinu 2001 sem verkefni á vegum velferðarráðuneytisins. Fjölmeningarsetri berist árlega fjöldi erinda frá bæði opinberum aðilum sem og einstaklingum. Á árinu 2012 hafi verið skráð 580 erindi frá einstaklingum að ótöldum almennum fyrirspurnum. Fjölmeningarsetur haldi úti heimasíðu þar sem fjölbreyttum og mikilvægum upplýsingum sé miðlað til innflytjenda á sjö tungumálum. Í bréfinu eru helstu hlutverk Fjölmeningarseturs reifuð.

Með bréfi dagsettu 25. mars 2013 fékk forstöðumaður Fjölmeningarseturs send bréf fjármála- og efnahagsráðuneytisins og velferðarráðuneytisins til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra.

Í bréfi forstöðumannsins dagsettu 1. apríl 2013 er lögð áhersla á að málefni innflytjenda sé ört vaxandi málaflokkur í íslensku samfélagi og ljóst sé að til þess að Fjölmeningarsetrið geti sinnt þeim verkefnum sem lögin kveði á um þurfi að fjölga stöðugildum. Fastráðnir starfsmenn séu fjórir auk þess sem fjórir verktakar starfi á ársgrundvelli við að svara í upplýsingasíma Fjölmeningarseturs. Þessu til viðbótar komi verkefni sem séu unnin með tilkomu styrkja. Á árinu hafi þegar fengist einn styrkur úr Progress-áætlun Evrópusambandsins. Styrkveitingin feli í sér ráðningu starfsfólks í tímabundin verkefni. Fram kemur að forstöðumaður fari með bæði faglega og fjárhagslega ábyrgð á verkþætti Fjölmeningarseturs gagnvart Evrópusambandinu. Einnig kemur fram í bréfinu að með lögum

um málefni innflytjenda hafi verkefnum fjölgað. Þá kemur fram að forstöðumaður afli styrkja til sérverkefna.

### III.

Fjölmeningarsetur er ný stofnun og starfar samkvæmt lögum nr. 116/2012 sem tóku gildi 28. nóvember 2012. Markmið laganna er að stuðla að samfélagi þar sem allir geta verið virkir þátttakendur óháð þjóðerni og uppruna. Segir í frumvarpi því sem varð að lögunum að í fyrsta skipti sé mælt fyrir um hvernig stjórnýslu í málefnum innflytjenda skuli háttað. Í lögunum segir að starfrækja skuli sérstaka stofnun, Fjölmeningarsetur, undir yfirstjórn ráðherra, sem skipar forstöðumann Fjölmeningarseturs til fimm ára í senn. Verkefni Fjölmeningarseturs eru meðal annars að veita stjórnvöldum, stofnunum, fyrirtækjum, félögum og einstaklingum ráðgjöf og upplýsingar í tengslum við málefni innflytjenda, vera sveitarfélögum til ráðgjafar við að taka á móti innflytjendum sem flytjast í sveitarfélagið og taka saman og miðla upplýsingum um réttindi og skyldur innflytjenda. Fjölmeningarsetur skal fylgjast með þróun innflytjendamála í þjóðfélaginu, meðal annars með upplýsingaöflun, greiningu og upplýsingamiðlun og koma á framfæri við ráðherra, innflytjendaráð og önnur stjórnvöld ábendingum og tillögum um aðgerðir sem hafa það að markmiði að allir einstaklingar geti verið virkir þátttakendur í samfélaginu óháð þjóðerni og uppruna. Þá skal Fjölmeningarsetur taka saman árlega skýrslu til ráðherra um málefni innflytjenda og hafa eftirlit með framgangi verkefna sem fram koma í þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda. Fjölmeningarsetur vinnur einnig önnur verkefni í samræmi við markmið laganna og þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda auk verkefna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Í lögunum segir jafnframt að stofnunum, fyrirtækjum og félagasamtökum sé skylt að veita Fjölmeningarsetri hvers konar almennar upplýsingar sem stofnuninni séu nauðsynlegar til að annast þau verkefni sem lögini fela henni.

Eftir hverjar alþingiskosningar skipar ráðherra sex manna innflytjendaráð en eitt af meginhlutverkum þess er að vera ráðherra til ráðgjafar við faglega stefnumótun í málefnum innflytjenda ásamt því að sjá um eftirlit með stefnumótuninni. Forstöðumaður Fjölmeningarseturs skal sitja fundi innflytjendaráðs með málfrelsi og tillögurétt.

### IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögunum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Eins og fram hefur komið er Fjölmeningarsetur ný ríkisstofnun og hefur kjararáð því ekki áður ákveðið forstöðumanni stofnunarinnar laun. Við ákvörðun launakjara forstöðumanns Fjölmeningarseturs hefur kjararáð haft hliðsjón af launakjörum forstöðumanna stofnana sem eru svipaðar að stærð og umfangi.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun forstöðumanns Fjölmeningarseturs skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

**Ákvörðunarorð**

Frá og með 27. nóvember 2012 skulu mánaðarlaun forstöðumanns Fjölmeningarseturs vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokkki 128, nú 605.807 krónur. Að auki skal greiða honum 7 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokkki 502-132, nú 6.918 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstöðumanns Fjölmeningarseturs gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

---

Svanhildur Kaaber

---

Jónas Þór Guðmundsson

---

Kolbeinn H. Stefánsson